

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
v/Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2002

Með bréfi dags. 22. febrúar s.l. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR), mál nr. 493. Einnig óskaði nefndin eftir umsögn um 6. gr. frumvarps um almenn hegningarlög og lögreglulög, mál nr. 494.


Með frumvörpunum eru lögð til sérákvæði um starfslok og útreikning lífeyris fyrir lögreglumenn. Frumvörpin eru í samræmi við yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra, sem gefin var í tengslum við samkomulag fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna.

Stjórn LSR er skipuð 8 mönnum. Fjórir þeirra eru tilnefndir af fjármálaráðherra og fjórir af stéttarfélögum opinberra starfsmanna, þar af tveir tilnefndir af stjórn BSRB, en Landssamband lögreglumanna er aðili að BSRB. Þar sem frumvarp það sem óskað er umsagnar um er til komið í tengslum við samkomulag aðila sem skipa stjórn sjóðsins, mun umsögn lífeyrissjóðsins einskorðast við athugun á framkvæmdaratriðum og áhrifum frumvarpsins á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Ekki verður séð að ákvæði frumvarpsins valdi vandkvæðum í framkvæmd verði það að lögum. Efni frumvarpsins er í samræmi við tilvitnaða yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra og hugað hefur verið að þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að efna það loforð sem þar er gefið.

Með ákvæði b. liðar 1. gr. frumvarpsins er séð fyrir því að fjárhagsleg staða lífeyrissjóðsins versnar ekki verði frumvarpið að lögum og skuldbindingar einstakra launagreiðenda aukist ekki. Þessi atriði hafa verið skoðuð sérstaklega af tryggingafræðingi sjóðsins og þetta ákvæði frumvarpsins sett fram að höfðu samráði við hann.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins



Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri

ADDRESS

Bankastræti 7  
IS-101 Reykjavík  
Iceland

TEL

+354 510 6100

FAX

+354 510 6150

E-MAIL

lsr@lsr.is

ID. NO.

430269-6669